

## **Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 8. maí 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.00 og lauk kl. 17.55. Heimsókn 18.10-19.40.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Þórunn Ansnes, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Ragnar Hilmarsson, Jóhann Óskar Borgþórsson og Ingvar Kristinsson.  
Forföll: Sveinn Sigurbergsson.

### **Dagskrá:**

- 1. Samstarfssamningur ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar – viðauki 1 drög**  
Framkvæmdastjóra ÍBH falið að breyta viðaukatillögum og senda til Hafnarfjarðarbæjar. Breytingartillaga stjórnar ÍBH að viðauka 1 er eftirfarandi:

#### **Viðauki 1**

Nýframkvæmdir íþróttamannvirkja – (þetta er viðauki eða fylgiskjal við samstarfssamning við ÍBH)

Hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna nýbyggingar íþróttamannvirkja getur orðið allt að 100% en heimilt er að semja við íþróttafélög innan ÍBH um hlutdeild og lægra framlag Hafnarfjarðarbæjar.

Þegar ákvörðun um að fara í viðræður við íþróttafélag um nýframkvæmd hefur verið tekin skal fara af stað greining íþróttafulltrúa á óskum félagsins um framkvæmdina, hvort framkvæmt er í takt við forgangslista ÍBH, þörfina og mat á hver hlutdeild Hafnarfjarðar yrði í framkvæmdinni.

- 2. Tímaúthlutunarreglur ÍBH**  
Tímaúthlutunarnefnd ÍBH hefur endurskoðað reglurnar og leggur til eftirfarandi breytingar, þar sem stendur framkvæmdastjórn ÍBH í reglunum stendur nú stjórn ÍBH og að bæta nýju íþróttamannvirki á Ásvöllum inn í fylgiskjal 2. Um er að ræða tvo sali sem eru 36m x 22m rúmir samtals 799m<sup>2</sup> hvor. Stjórn ÍBH samþykkir breyttar tímaúthlutunarreglur.
- 3. Mat á fulltrúaráðsfundi 5. maí sl.**  
Umræður um fundinn og hvað má bæta.
- 4. Afhending íþróttastyrkja vor 2018**  
Samkvæmt samningi milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar fer fram fimmtudaginn 31. maí nk. kl. 13.00 í Straumsvík.
- 5. Á ÍBH að auka stuðning við fræðslunámskeið félaga?**  
Umræður um málið. Fundarmenn sammála um að setja verði reglur um slíkan stuðning. Framkvæmdastjóri ÍBH kannar nánar þörfina og tegund námskeiða hjá félögum og tekur saman drög að regluverki.
- 6. Heimsókn til Kvartmíluklúbbsins**  
Formaður Kvartmíluklúbbsins Ingólfur Arnarson og Sigurjón Anderssen stjórnarmaður tóku á móti stjórn ÍBH og kynntu og sýndu framkvæmdir á svæði

félagsins, við hringakstursbraut, sandspyrnubraut, kvartmílubraut, tímatökuhús og ökuskóla 3 sem er með kennslu fyrir ökunema á svæðinu nánast alla virka daga.

**7. Önnur mál.**

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.